

# STJÓRNARTÍÐINDI B 73 – 1998

28. ágúst 1998

1693

Nr. 516

## AUGLÝSING

### um breytt deiliskipulag í Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs 21. ágúst 1998 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Dimmuhvarf. Í breytingunni felst að tvær einbýlishúsalóðir eru gerðar að einni, Dimmuhvarfi 2. Á lóðinni er fyrirhugað að byggja einnar hæðar íbúðarhús, heimili fyrir einhverfa, um 470 m<sup>2</sup> að flatarmáli.

Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 6. júlí til 7. ágúst 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Kópavogi, 28. ágúst 1998.*

**Birgir H. Sigurðsson** skipulagsstjóri.

27. ágúst 1998

Nr. 517

## TILKYNNING

### nr. 2/1998 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum er sem hér segir frá og með 1. september 1998 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Bifreiðabensín	0,80 kr. á lítra
gasolía	0,90 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,80 kr. á kg
flugvélabensín	0,05 kr. á lítra
flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

*Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 27. ágúst 1998.*

**Georg Ólafsson.**

*Gunnar G. Þorsteinsson.*